

Grímsnes-og Grafningshreppur
Ellisif Malmo Bjarnadóttir
Borg
801 Selfoss

Reykjavík, 28. september 2023
UST202309-136/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag - Svínavatn 3 - Grímsnes - og Grafningshreppur

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Grímsnes - og Grafningshrepps er barst 14. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Svínavatn 3.

Í greinargerð kemur fram að gert er ráð fyrir að skipta 5 ha landi í tvær lóðir, 3,5ha og 1,5ha á stærð og að þar er gert ráð fyrir einu íbúðarhúsi og bílskúr á hvorri lóð sem geta verið allt að 300 m² , 400 m² vinnuskemmu og sex gestahús til útleigu sem geta verið allt að 30 m² hvert.

Grannsvæði

Umhverfisstofnun tekur undir mikilvægi þess að ekki skal leyfa nýjar byggingar á innan grannsvæði vatnsverndar og auk þess þarf veglagning, áburðarnotkun og önnur starfsemi innan svæðisins vað vera undir ströngu eftirliti.

Í 13. gr. reglugerðar nr. 796/1999, sbr. breytingarreglugerð nr. 533/2001 (<https://www.reglugerd.is/reglugerdir/eftir-raduneytum/umhverfisraduneyti/nr/4495>) , um varnir gegn mengun vatns, er mælt fyrir um takmarkanir á landnýtingu á grannsvæði vatnsverndar. Á þessu svæði skal banna notkun á hættulegum efnum og birgðageymslu slíkra efna. Hér er m.a. átt við olíu, bensín og skyld efni, salt, eiturefni til útrýmingar á skordýrum eða gróðri og önnur efni sem mengað geta grunnvatn, auk efna sem sérstaklega eru tilgreind í reglugerð um neysluvatn. Ekki skal leyfa nýjar byggingar, sumarbústaði eða þess háttar á svæðinu. Vegalagnir, áburðarnotkun og önnur starfsemi innan svæðisins skal vera undir ströngu eftirliti.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur
Björn Stefánsson
sérfræðingur

